

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Nýtt deiliskipulag fyrir Akurholt í Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 20. mars 2020, nýtt deiliskipulag fyrir Akurholt í Ölfusi. Deiliskipulagið setur skilmála um byggingu íbúðarhúsa á landinu í samræmi við heimildir aðalskipulags. Um er að ræða 4 nýjar lóðir og byggingarreiti fyrir 4 íbúðarhús, 4 fristundahús og skemmur eða hús til landbúnaðarnota auk reits fyrir íbúðarhús á upprunalandinu.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Nýtt deiliskipulag fyrir Vesturgljúfur í Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 28. janúar 2021, nýtt deiliskipulag fyrir Vesturgljúfur í Ölfusi. Deiliskipulagið markar 4 athafnalóðir og setur skilmála um byggingu íbúðarhúsa á landinu í samræmi við heimildir aðalskipulags. Um er að ræða 4 athafnalóðir og byggingarreiti fyrir atvinnuhús í samræmi við aðalskipulag.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 1. mars 2021.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.